



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. nóvember 2014
Tilvísun: 2013040007
JSn/HrH/BH
Tilv. ykkar: Tölvupóstur dags. 4.11.2014.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs, 26. mál.

Lögð hefur verið fram þingsályktunartillaga á Alþingi um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. Ekki kemur fram í tillögunni hver mörk þjóðgarðsins gætu orðið.

Þingsályktunartillaga um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs var einnig lögð fram á 140. löggjafarþingi og sendi Vegagerðin umsögn um hana til nefndarinnar. Í umsögn Vegagerðarinnar, sem dagsett var 28. nóv. 2011, sagði m.a. eftirfarandi:

„Austan og vestan Hofsjökuls liggja tveir stofnvegir á hálendi, F26 Sprengisandsleið og 35 Kjalvegur. Að auki eru landsvegir eins og F752 Skagafjarðarleið og F821 Eyjafjarðarleið í nágrenni Hofsjökuls. Í skilgreiningu þjóðvega í vegalögum nr. 80/2007 eru m.a. skilgreindir stofnvegir á hálendinu sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu. Tengivegir eru m.a. skilgreindir sem vegir utan stofnvegakerfisins sem eru mikilvægir fyrir flutninga og ferðaþjónustu sem og vegir að þjóðgörðum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis.

Það er ljóst af framansögðu að löggjafinn leggur ýmsar skyldur á herðar Vegagerðinni á hálendinu um að sinna þörfum ferðaþjónustunnar. Það er einnig ljóst að ferðaþjónustan skiptir æ meira máli í íslenskum þjóðarbúskap. Hún er um þessar mundir helsti vaxtarbroddur í íslensku efnahagslífi. Þeirri staðreynd fylgir sú skylda að þeim erlendum ferðamönnum sem sækja Ísland heim sem og innlendum ferðamönnum sé boðið upp á sæmilega örugga vegi og umhverfi. Það er einnig nauðsynlegt að almennum ferðamönnum sé boðið upp á þökkalega gott aðgengi að helstu náttúruperlum hálendisins.

Vegagerðin leggur því áherslu á að við hugsanlega stofnun Hofsjökulspjóðgarðs verði sett inn rúm ákvæði um uppbyggingu stofnveganna á hálendinu. Unnt verði að byggja upp þökkalega greiðfæra og umfram allt örugga vegi á Kjalvegi og Sprengisandsleið. Gæta þarf að því að unnt verði að hafa gott samræmi í hönnun veganna þannig að ökumönnum verði ekki komið á óvart með stökum kröppum blindhæðum og blindbeygjum. Reynslan sýnir að slíkir vegir eru hættulegastir allra vega fyrir hina almennu vegfarendur, sérstaklega þá sem ekki þekkja til aðstæðna. Á sama hátt þarf að vera unnt að halda landsvegum í sæmilega þökkalegu horfi með viðhaldi og endurbótum.“

Auk þess, sem fram kemur hér að ofan, hefur Vegagerðin s.l. ár unnið að forathugun og drögum að matsáætlun fyrir Sprengisandsleið í náninni samvinnu við Landsnet vegna hugsanlegrar raflínu yfir Sprengisand, en það var sameiginleg niðurstaða stofnananna að ekki væri eðlilegt að meta raflínuna án þess að vegurinn yrði metinn jafnhliða. Í svæðisskipulagi miðhálandisins er gert ráð fyrir stofnvegi um Sprengisand og einnig raflínu milli suður- og norðurlands.

Drög að matsáætlun fyrir Sprengisandsleið eru um þessar mundir í formlegri kynningu í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Vegagerðin ítrekar þá afstöðu, sem fram kom í áður nefndri umsögn til nefndarinnar 28. nóv. 2011 að „við hugsanlega stofnun Hofsjökulspjóðgarðs verði sett inn rúm ákvæði um uppbyggingu stofnveganna á hálandinu“.

Virðingarfyllst,



Hreinn Haraldsson, forstjóri.